

Nr. 638.

1040

9. nóvember 1981.

AUGLÝSING

um hækkun hafnagjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr., sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast gildi hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinna hafnarsjóða, þannig að gjöld samkvæmt þeim verði þau sömu og nú gilda hjá þeim hafnarsjóðum er greinir í auglýsingu nr. 563 19. október 1981.

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerð nr. 388/1977 og 21/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskauptúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 52/1978.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 47/1981.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 59/1981.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskráum.

Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1981.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 639.

5. nóvember 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 271/1979, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Stjórn Orðabókar Háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal kosin af háskólaráði, að fengnum tillögum heimspekideildar, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Rektor skipar einn þeirra formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.